



## Skýrsla stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja fyrir starfsárið 2017

Ég býð ykkur velkomin til sjötta ársfundar sjálfseignarstofnunarinnar Þekkingarseturs Suðurnesja sem er haldinn nú í dag 18. maí 2018. Hér verður gert grein fyrir starfsemi ársins 2017.

Stjórn Þekkingarseturs Suðurnesja var þannig skipuð árið 2017:

- Fríða Stefánsdóttir er fulltrúi Sandgerðisbæjar og er stjórnarformaður
- Jóna Rut Jónsdóttir er skipuð af Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum
- Halldór P. Halldórsson er fulltrúi Rannsóknarseturs HÍ á Suðurnesjum
- Sverrir Guðmundsson er fulltrúi Keilis
- Björk Guðjónsdóttir er skipuð af Náttúrustofu Suðvesturlands

Varamenn í stjórn eru eftirfarandi:

- Ólafur Þór Ólafsson
- Þorvaldur Örn Árnason
- Rögnvaldur Ólafsson
- Hjálmar Árnason
- Ó. Sindri Gíslason

Daníel Coaten, kom inn í stjórn sem fulltrúi Keilis í stað Sverris Guðmundssonar í ár. Hann ætlar að fræða okkur hér á eftir um Stórpara.

Forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja er Hanna María Kristjánsdóttir og ætlar hún, hér á eftir, að fara betur yfir starfsemi Þekkingasetursins árið 2017.

Stjórnin fundaði fjórum sinnum á starfsárinu, og voru formannsskipti á síðasta ári á ársfundi, þegar ég tók sæti Ólafs Þórs Ólafssonar sem stjórnarformaður. Ég hef því setið þrjá af þessum fjórum fundum.

Þekkingarsetur Suðurnesja er með samstarfssaming við Mennta- og menningarmálaráðuneytið sem var í gildi út árið 2017. Samningur hefur verið framlengdur út 2018.

Setrið vinnur samkvæmt stefnu sem var samþykkt af stjórn í september 2014. Í henni er fjallað um gildi, leiðarljós, hlutverk og markmið setursins. Gildin eru rannsóknir, fræðsla og fagmennska og hvílir grunnur starfseminnar á þeim. Leiðarljósið sem vísar veginn er að þekkingarsetrið sé miðstöð rannsóknastarfs og rannsakenda á sviði náttúrufræða og tengdra greina á Suðurnesjum. Hlutverk setursins er að stuðla að eflingu rannsókna, bjóða upp á fyrirmyndaraðstöðu til rannsókna og stuðla að fjölbreytni í atvinnulífi. Markmiðin snúa að rannsóknum og þróun, háskólanámi og samþættingu þekkingarstarfs, símenntun og samstarfi við aðrar menntastofnanir á Suðurnesjum.

## **Rannsóknir og þróun**

Náttúrustofa Suðvesturlands og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum eru stoðstofnanir þekkingarsetursins og sjá að mestu leyti um rannsóknarhluta þess. Áherslusviðin voru sem fyrr fuglafræði, sjávarlíffræði og eiturefnavistfræði.

Þekkingasetrið gerði nýlega samning við ISAVIA um að sjá um úttekt á fuglalífi við flugvallarsvæðið.

Síðustu ár hefur Stofnfiskur leigt blautrými við þekkingasetrið og aukið við rannsóknaraðstöðuna og hafa þeir fjárfest um 20 milljónir í uppbyggingu á aðstöðu. Samstarfið við þá hefur verið mjög farsælt.

Í þekkingasetrinu eru tvær sýningar,

Hin glæsilega sýning *Heimskautin heilla* þar sem fjallað er um ævi og starf franska vísindamannsins Jean-Baptiste Charcot hefur nú staðið í nokkur (10) ár. Sýningin er samstarfsverkefni Sandgerðisbæjar, Háskóla Íslands, Þekkingarseturs Suðurnesja og fjölskyldu Charcot.

Auk sýningarinnar um Charcot er ýmislegt annað forvitnilegt að sjá hér í þekkingasetrinu. Þar má nefna spennandi náttúrugripasýningu þar sem eru lifandi sjávardýr og rannsóknaraðstaða fyrir börn sem býður upp á spennandi kosti fyrir skólahópa. Sýningin "Huldir heimar hafsins - ljós þangálfanna" eftir Katrínu Þorvaldsdóttur og Eydísi Mary Jónsdóttur og samstarfsfólk þeirra er á neðri hæð setursins. Þá er að finna í þekkingasetrinu ýmsa muni sem hafa sögulegt gildi og margar merkilegar ljósmyndir sem flestar eru teknar af Reyni Sveinssyni, starfsmanni þekkingarsetursins og forstöðumanni Fræðasetursins til margra ára sem er nú að láta af störfum. Reyni langar mig að þakka fyrir alla þá vinnu sem hann hefur lagt á sig fyrir þekkingasetrið. Við höfum verið heppin að fá að njóta krafta hans í starfi, Reynir hefur ávallt lagt sig allan fram um að vegur þekkingasetursins verði sem mestur.

Þekkingasetrið tók þátt í Safnahelgi á suðurnesjum og Sandgerðisdögum með ókeypis aðgangi að sýningum. Margir gestir heimsækja sýningarnar á þessum dögum á hverju ári og var árið í fyrra engin undantekning.

## **Starfsmannahald, fjármál og styrkir**

Í dag starfa 4 starfsmenn í þekkingasetri Suðurnesja í 3 stöðugildum.

Árið 2017 fékk þekkingasetrið þrjá styrki:

- Háskóli Ísland styrkti verkefnið Heimskautin heilla um 225.400kr.
- Styrkur vegna Interact verkefnisins sem Hanna fer betur yfir á eftir er rúm 1 milljón

- Uppbygginasjóður Suðurnesja 3 milljónir, milljón í rannsókn um áhrif loftslagsbreytinga á farfuglastofninum og tvær milljónir í gerð fuglaskoðunarkorts.

Stjórn Þekkingarsetursins samþykkti rekstraráætlun fyrir árið 2018 á fundi sínum í nóvember 2017. Áætlaðar tekjur ársins eru um 40,6 milljónir króna og útgjöld um hálfri milljón króna lægri. Tæplega helmingur teknanna kemur frá ríkissjóði eða 17 milljónir króna. Eftirstöðvar rekstarafgangs eru settar í sjóð til að standa straum af óvæntum fjárútlátum.

### **Lokaorð**

Þetta fyrsta ár mitt sem stjórnarformaður Þekkingarsetursins hefur gengið vel og ég og Hanna náð einstaklega vel saman eins og aðrir nefndarmenn.

Hér í Þekkingarsetrinu fer fram gríðarlega mikilvæg og öflug vísindastarfsemi á heimsmælikvarða og samfélagsleg ábyrgð okkar allra er að tryggja að þessi starfsemi geti haldið áfram að vaxa og dafna.

Nú hafa Garður og Sandgerði sameinast í eitt sveitarfélag og vill ég ítreka mikilvægi þess að nýtt sveitarfélag með nýrri sveitarstjórn styðji við þessa merku stofnun og fari strax í að vinna að framtíðarskipulagi fyrir þetta svæði svo hér sé hægt að halda áfram að byggja við þessa blómlegu starfsemi.

Að lokum vil ég þakka samstarfsfólki mínu í stjórn og Hönnu Maríu Kristjánsdóttur forstöðumanni ánægjulegt samstarf.

Fríða Stefánsdóttir

Stjórnarformaður Þekkingarseturs Suðurnesja